

Sp. 21. Tillaga til þingsályktunar [21. mál]

um aðstoð við þróunarlöndin.

Flm.: Ólafur Björnsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram athugun á því, með hverju móti Ísland geti tekið virkari þátt en nú er í því að veita þróunarlöndunum aðstoð til eflingar efnahagslegum framförum þar, og leggja niðurstöður þeirrar athugunar fyrir Alþingi að henni lokinni.

Greinargerð.

Efnahagsvandamál hinna svokölluðu þróunarlanda er í dag ótvírætt eitt af mestu vandamálum mannkynsins. Með þróunarlöndum er að jafnaði átt við þau lönd, þar sem þjóðartekjur á íbúa eru undir 400—500 Bandaríkjadollurum, eða um þriðjungum þess, sem þjóðartekjur á íbúa nema á Íslandi.

Með tilliti til þess, hve mikill munur er á þjóðartekjum Íslendinga og íbúa þróunarlandanna, megum við ekki telja þau vandamál, sem hér er um að ræða, okkur óviðkomandi.

Ísland er að vísu aðili að Sameinuðu þjóðunum og ýmsum stofnunum á vegum þeirra, sem látið hafa efnahagsvandamál þróunarlandanna til sín taka. Mest af þeirri aðstoð, sem þróunarlöndunum er veitt, er þó veitt af einstökum ríkjum, og hafa mörg ríki, þar sem þjóðartekjur á mann eru lægri en á Íslandi, lagt af mörkum verulega fjármuni í þessu skyni. Öll Norðurlöndin, önnur en Ísland, reka hvert um sig á eigin spýtur umsvifamikla starfsemi á þessu sviði.

Þó að segja megi að vísu, að ekki geti munað mikið um þá aðstoð, sem Íslendingar gætu í té látið, miðað við þá þörf, sem fyrir hendi er, verður að líta svo á, að Íslendingum beri siðferðileg skylda til að láta þessi mál meira til sín taka en verið hefur til þessa, og er tillaga þessi því fram borin.